

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**708. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 15. ágúst 2011 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Sameiginleg fundargerð félagsmálaráðs og fræðsluráðs.
2. Bréf Innanríkisráðuneytisins.
3. Bréf UMFÍ
4. Erindi Sigríðar Tryggvadóttur og Sigríðar Hjaltadóttur.

**Afgreiðslur:**

1. Lögð fram sameiginleg fundargerð félagsmálaráðs og fræðsluráðs frá 9. ágúst s.l. Fundargerð í einum lið. Í fundargerðinni leggja ráðin til að Elín Ósk Baldursdóttir, Steinunn Björk Birgisdóttir og Eydís Aðalbjörnsdóttir verði boðaðar í starfsviðtal vegna starfs fræðslu- og félagsmálastjóra. Byggðarráð samþykkir tillöguna og samþykkir auk þess að boða Skarphéðinn Jónsson til viðtals.
2. Lagt fram til kynningar bréf Innanríkisráðuneytisins, þar sem kynnt er ráðstefna um eflingu lýðræðis hjá ríki og sveitarfélögum sem haldin verður í Reykjavík 14. september n.k.
3. Lagt fram bréf UMFÍ dags 27. júlí 2011, þar sem auglýst er eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 2. landsmóts UMFÍ 50+ sem haldið verður árið 2012. Byggðarráð samþykkir að sækja ekki um.
4. Lagt fram bréf Sigríðar Tryggvadóttur og Sigríðar Hjaltadóttur, þar sem þær óska eftir fjárveitingu frá Húnaþingi vestra vegna málþings um Jakob H. Línadal jarðfræðing sem haldið verður 22. október 2011 í Húnaþingi vestra. Erindinu frestað og samþykkt að boða þær til fundar við byggðarráð næsta mánudag. Elín R. Línadal vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.  
Samþykkt að taka á dagskrá.
5. Formaður byggðarráðs skýrði frá að í framhaldi af viðræðum við Skeljung ehf. hafi þeir gengið frá samningi um leigu á landspildu í Melstaðarlandi undir bensínstöð og veitingaskála.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:35

\_\_\_\_\_  
Stefán E. Böðvarsson

\_\_\_\_\_  
Sigurbjörg Jóhannesdóttir

\_\_\_\_\_  
Elín R. Línadal

\_\_\_\_\_  
Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúi

\_\_\_\_\_  
Elín Jóna Rósinberg.